

2. gr.

Í stað orðanna 4,9 kg fóðurs í 1. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990 sbr. 5. gr. rg. nr. 497/1992 og 1. gr. rg. nr. 288/1993 kemur: 4,4 kg fóðurs.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld rg. nr. 702/1995 um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. apríl 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá og með 3. apríl til og með 30. apríl 1996 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°26'00 N - 22°05'00 V | 4. 63°10'00 N - 20°24'00 V |
| 2. 63°17'00 N - 21°00'00 V | 5. 63°09'00 N - 21°00'00 V |
| 3. 63°11'90 N - 20°24'00 V | 6. 63°17'50 N - 22°05'00 V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. apríl 1996.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.